

UPPT2OF02

Heiti áfanga

UPPT2OF02 Skrifstofuforrit, seinni hluti

Áfanganúmer

UPPT2OF02

Námsgrein

UPPT - Upplýsingatækni

Stutt áfangalýsing

Framhaldsefni í ritvinnslu, töflureikni og gerð kynningarefnis. Notast er við staðbundinn hugbúnað og hugbúnað í skýinu. Hugað er að skipulegri vistun gagna og að koma þeim á framfæri bæði á pappír og á rafrænan hátt, svo sem með rafrænni prentun og deilingu í skýinu.

Innihald áfanga

Ritvinnsla: Gerð algengra skjala, s.s. ritgerða, ferilskráa, auglýsinga, merkimiða. Áherslan er á flóknari tækni svo sem töflur (með hólfum og dálkum) og ýmsa tækni svo sem notkun sniðmáta, flýthluta, hlutaskiptingu skjala, o.fl.

Töflureiknir: Áherslan er á gerð myndrita, tíðnitafna og notkun flóknari formúlna og falla.

Aðferðafræði

Nánast alfarið verkefnavinna undir handleiðslu kennara. Lítið er um fyrirlestra eða kennslu hóps, en þó eru af og til innlagnir um tiltekið efni. Hver þátttakandi fær lista yfir verkefni sem á að vinna. Hverju verkefni fylgja nákvæmar leiðbeiningar sem þátttakandi fer eftir á eigin hraða. Kennari er kallaður til ef útskýringa er þörf. En kennari fylgist einnig með framvindunni og grípur inn í eftir þörfum. Áhersla er lögð á að framvindan sé á ábyrgð þátttakanda. Hlutverk kennarans er að útskýra og örva einstaklinginn til dáða.

Lokamarkmið

Að þátttakendur þekki til og hafi vald á algengum verkfærum sem notuð eru í fyrirtækjum og skólum.

Athugasemdir

Þetta er seinni hluti áfanga, sem áður var og hét UPPT2OF05 (samsvarandi gamla UTN103), sem nú hefur verið skipt í áfangana UPPT2OF03 og UPPT2OF02.

Þrep

2

Einingar

Áfanginn gefur 2 (f)einingar.

Aðgreiningarbókstafur

OF (Office)

Dagsetning breytingar

06.01.2020

Útgáfunúmer

01

Forkröfur

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið áfanga UPPT2OF03.

Höfundur

Jón B Georgsson

Vottunaraðili